

# Einkunn staðhæfingar

Hérna eru viðfangsefnin sem vel er sinnt en teljast ekki mikilvæg. Er eitthvað sem má endurhugsa?

**Til umhugsunar:**

- Þarf að breyta einhverju í stefnunni eða forgangsröðuninni?
- Er hægt að nýta innviði betur?
- Er verið að vinna vel í þessum viðfangsefnum, er öruggt að þau séu ekki mikilvæg?

Það væri hægt að sinna þessum viðfangsefnum betur en þau teljast ekki mikilvæg. Á að gleyma þeim eða ekki?

**Til umhugsunar:**

- Eftir á að hyggja, hefði átt að meta þessi viðfangsefni eða forgangsráða þeim öðruvísi?
- Eru einhver viðfangsefni hér sem eiga skilið úrbætur eða frekari athygli?

Hérna eru viðfangsefnin sem vel er sinnt og teljast mikilvæg. Þau eru til fyrirmyndar!

**Til umhugsunar:**

- Eru einhver atriði hér sem hægt er bæta enn frekar eða fínþússa?
- Er hægt að formgera eða straumlínulaga þá ferla sem eru ómarkvissir?
- Er hægt að efla frekar eða miðla betur sem vel er gert?
- Hverjum ber að þakka?

## Forgangsröðun staðhæfingar

Hér eru viðfangsefnin sem eru mikilvæg en eru ekki að þróast rétt. Hér eru tækifæri til úrbóta.

**Til umhugsunar:**

- Hvaða sviðum safnsins tengjast viðfangsefnin best?
- Hvar á að byrja? Hvað er brýnast að bæta?
- Hvar skortir innviði til að geta unnið frekar að viðfangsefninu?
- Hver getur hjálpað til við að bæta stöðuna? Hvaða rými er til breytinga?

